

Hverfisnefnd Naustahverfis

71. fundur, 3. febrúar. 2016

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Þórður Snæbjörnsson og Herdís Hulda Guðmannsdóttir.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Skipulagsmál

Rætt um ýmis mál tengd hverfinu og hvaða svæði eru enn til byggingar og hver ekki og hvernig deiliskipulag hverfisins lítur út núna. Nefndin vill gjarnan geta áttað sig betur á þessum aðstæðum í hverfinu, auk þess hvar leiksvæði og göngustígar eru staðsettir. Hverfisnefnd óskar því eftir að fá yfirlitskort og/eða deiliskipulagskort af hverfinu. Gott væri að fá þessi kort bæði á pappír og á tölvutæku formi.

2. Dagforeldrar

Nú eru starfandi 3 dagforeldrar í Naustahverfi og barst nefndarmanni upplýsingar um að dagforeldrar hafa ekki aðgang að girtum leikvelli fyrir börnin sem eru í dagggæslu hjá þeim. Í 4 kafla reglugerðar nr 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum segir að svo þurfi að vera og óskar hverfisnefnd eftir því að bætt verði úr þessu. Nefndin leggur til að leikvöllur sem staðsettur er við Mýrartún muni henta vel. Eins mætti skoða möguleika á því að bæta þar við ungbarnarólu/m, en þar er aðeins ein slík á umræddum leikvelli.

3. Kjarnagata

Sú breyting var á gatnamótum við Ljómatúni og Kjarnagötu í sumar að gerðar voru hraðatakmarkandi framkvæmdir. Í þeim fólst að gatan var hækkuð á parti en kantsteinn og gangstétt ekki. Þegar snjóar yfir þetta svæði, þá er það orðið eins og ein heild og ökumenn átta sig ekki alltaf á hvar gatan er, þar sem engin kantsteinn/gangstétt skilur á milli. Eins er þetta mjög hættulegt fyrir gangandi vegfarendur. Merkingum fyrir gangbrautir er ábótavant eins og skilti og/eða lýsing við þetta svæði. Hverfisnefndin hefur áhyggjur af þeirri slyshættu sem þetta skapar og óskar eftir endurbótum.